

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um Heilsugæsluna Grafarvogi.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hvenær varð ljóst að færa þyrfti starfsemi Heilsugæslunnar Grafarvogi úr húsnæðinu í Spöng og til hvaða aðgerða var gripið þegar ljóst var orðið að færa þyrfti starfsemina úr því húsnæði?
2. Hvaða möguleikar voru kannaðir við leigu á tímabundnu húsnæði undir Heilsugæsluna Grafarvogi meðan framkvæmdir eru í húsnæðinu í Spöng:
  - a. í Grafarvogi,
  - b. sem næst Grafarvogi?
3. Hvers vegna var ákveðið að færa starfsemina í Heilsugæsluna Árbæ frekar en Heilsugæsluna Höfða?
4. Hvernig rímar leiðakerfi Strætó við flutning Heilsugæslunnar Grafarvogi í Heilsugæsluna Árbæ fyrir íbúa Grafarvogs og var höfð hliðsjón af því við ákvarðanatöku um flutning í umrætt húsnæði?
5. Hvað er áætlað að notendur Heilsugæslunnar Grafarvogi verði lengi samanlagt án heilsugæslustöðvar innan hverfis?

Skriflegt svar óskast.